

Alþingi

Erindi nr. P 12/1 1514

komudagur 10 14 1997

**Arnmundur Backman hrl.**  
**s 5811163**  
**Fax: 5617501**

R. 9.4.,97

Til Kristjáns Pálssonar, alþingismanns  
 Alþingi  
 Fax: 5630910

Samningsveð. Nokkrar athugasemdir.

### 1. spurning.

**Spurt er hvort 4. mgr. 3. gr. frv. heimili veðsetningu réttinda eins og aflahlutdeildar fiskiskips sbr. 2. mgr. 7.gr. l. nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða?**

Að mínu mati er spurning þessi óþörf. Umrædd 4. mgr. tekur afdráttarlaust fram og eins skýrt og hægt er á móðurmálinu, að það sé ekki heimilt. Lærðar lögfræðiritgerðir þarf ekki um þá spurningu. En hvað hangir á spýtnni? Er ekki eitthvað annað sem skiptir máli í þessu sambandi en það hvort heimilt sé að veðsetja aflahlutdeild *sérstaklega*. Þeir sem fylgst hafa með umræðu þessara mála, áhuga útgerðarmanna á því að geta notfært sér aflahlutdeild í eigu þjóðarinnar til veðs í viðskiptum sínum við lánadrottna og þeir sem fylgst hafa með fæðingu þessa frumvarps, vita að orðalag málgreinarinnar nú er niðursta eftir miklar pólitískar þrautir. Sátt um meðferð kvótans að þessu leyti, sátt sem í raun er aðeins orðskrúð eða orðhengilsháttur, fagurgali sem hefur enga raunhæfa þýðingu aðra en þá að útgerðarmenn ná sínu fram. Og þá er eins gott að viðurkenna það og afleiðingar þess og fallast berum orðum og án sjónhverfinga á þörf þeirra fyrir að mega færa sér aflahlutdeildina í nyt til veðsetningar.

Ef 4 mgr. 3.gr. er umorðuð segir hún eftirfarandi:..... *Ekki er heimilt að veðsetja aflahlutdeild sérstaklega en heimilt er að veðsetja skip og aflahlutdeild saman. ....Þetta er kjarni málsins með einfaldri gagnályktun. Þannig ætti greinin að hljóða. Og þar með er þeirri spurningu svarað, að þannig er heimilt að veðsetja aflahlutdeildina.*

Skip án aflahlutdeildar er í flestum tilfellum verðlítið miðað við verðmæti veiðiheimildarinnar sem það hefur eftir núverandi kerfi og oftast mikið veðsett

þar að auki. *Ella væri þörfin fyrir veðfestingu aflahlutdeildar með skipi ekki fyrir hendi.* Veðhafi í skipi með aflahlutdeild (Útlendingur?), lánadrottinn, hefur einn í hendi sér hvort útgerðarmaður fær að selja hana frá skipinu eða ekki og hann lánar í samræmi við það.

### 3. spurning.

**Mun samþykki frv. leiða til skaðabótaskyldu ríkissjóðs ef Alþingi ákveður að fella úr gildi aflahlutdeildarkerfið o.s.frv.**

Frumvarpið gerir það ekki, verði það að lögum. Hins vegar tel ég ekki svo afdráttarlaust eins og margir aðrir lögræðingar að ríkissjóður sé fyllilega laus við skaðabótaábyrð gagnvart útgerðarmönnum ef aflahlutdeildarkerfið yrði aflagt. Enda þótt aflahlutdeild verði ekki bein eign útgerðarmanns eftir núverandi kerfi, verður hún óbein eign hans, sem afnotaréttur, og trúlega veðsett banka- og sjóðakerfinu ef frumvarp þetta nær fram að ganga. *Þessum gæðum fylgja atvinnuréttindi sem varin eru af eignarréttarákvæði stjórnarskrár.* Sá útgerðarmaður sem varið hefur miklum fjármunum til kaupa á varanlegum veiðiheimildum og veðsett þau með skipi sínu í samræmi við ákvæði frv., verður fyrir stór tjóni og sömuleiðis veðhafar hans í banka- og sjóðakerfinu og aðrir, s.s. seljendur veiðiheimilda, ef aflahlutdeildarkerfið verður lagt niður. Einhver mun m.ö.o. tapa og einhverjir munu vafalast reyna að velta því tjóni sínu á ríkissjóð. Skerðing þessara atvinnuréttinda er því aðeins heimil skv. stjórnarskrá að almenningsþörf krefji. Almenningsþörf krefst vissulega þegar um er að ræða nauðsyn frekari friðunar, en spurning er hvort ákvæðinu er fullnægt við það eitt að skipta um kerfi, t.d. yfir í sóknarmark eða veiðileyfagjald samfara almennri aukningu á veiðiheimildum og batnandi ástandi fiskistofna. Það dreg ég mjög í efa. Samþykkt frumvarpsins um samningsveð breytir ekki neinu um bótaskyldu ríkissjóðs í þessu efni heldur aðeins því *hver verður fyrir tjóninu.*

Veiðiheimildir eru takmörkuð gæði meðan veiðar eru ekki frjálssar. Aflahlutdeildir ganga kaupum og sölum, eins og kunnugt er. Söluverð þeirra fer eftir eftirspurn. Það þýðir að ýmislegt annað en aflagning aflahlutdeildarkerfisins getur orðið til vandræða ef frv. verður að lögum. Ef ástand þorsstofnsins batnar t.d. svo verulega að því setta takmarki verði náð að heimila nálægt óheftar veiðar eða jafn miklar og mestar voru áður, gæti þorskkvóti orðið verðlaus. Og sömuleiðis ef settar yrðu reglur sem bönnuðu eða takmörkuðu mjög kvótaframsal, eða um slíkt samið í kjarasamningum. Þar með færu í hár saman hagsmunir veðhafa, banka og sjóða og stjórnkerfi fiskveiða.

Eftir kynni mín af svokölluðum kvótasölum og stöðu sjómanna í þeim efnum, veit ég að þessi viðskipti ganga út á það leynt og ljóst að brjóta lög og samninga á sjómönnum til að fjámagna kvótakaup. Löggjafinn og dómstólar hafa

reynt að stemma stigu við því, en án árangurs. Ég held því þess vegna fram, að daginn eftir samþykki frumvarps sem heimilar það sem 4.mgr.3. gr. frv. heimilar, uppheljst víðtæk og umfangssmikil veðsetning á skipum og aflahlutdeild saman, ýmist til að fjármagna kvótakaupin sjálf en einnig til annarra þarfa. Innan skamms verður ráðstöfunaréttur aflahlutdeildar íslenskra veiðiskip í stórum stíl hjá lánadrottnum og sérstaklega hjá bankakerfinu, með Landsbanka Íslands í fararbroddi og með ríkissjóð sem aðal ábyrgðarmann. *Við það verður pólitískt ómögulegt að breyta stjórnkerfi fiskveiða og kvótakerfið festist endanlega í sessi.*

#### 4. Spurning.

**Stenst ákvæði 4.mgr. 3.gr. frv ákvæði laga 57/1996 þ.e.leyfissviptingar o.s.frv.?**

Í þessu eins og öðru, stenst frv. lagalega. Frv. bannar aðeins frjálst framsal aflahlutdeildar ef skip er veðsett og færir ráðstöfunarrétt kvótans til veðhafa. Vandinn er hins vegar ekki sá hvort frv. standist ákvæði laga 57/96 heldur hver sé staða veðhafa og útgerðarmanns við sviptingu veiðileyfis. Skv. 15.gr. laganna má svipta skip atvinnuleyfi í eitt ár við ítrekun brots. *Slíkt gæti stefnt útgerðarmanni í greiðsluþrot og jafnvel ríðið honum að fullu. Þá vakna mjög flóknar spurningar tengdar því að útgerðarmanni hefur með frv verið heimilað óbeint að veðsetja verðmæti sem af honum hafa verið tekin vegna vegna brots á lögum og gef ég mér þá að veðskuldir séu miklu hærrí en nemur verðmæti skipsins eins, enda tilgangurinn með ákvæði 4.mgr.3.gr.frv. enginn annar. Hver er staða veðhafa við gjaldþrot útgerðarmanns eða nauðasamninga? Eða öllu heldur, hver er staða veðhafa við nauðungaruppbod á skipi. Önnur áleitín spurning er sú hver sé staða veðhafa ef skip ferst og tryggingarverðmæti eru í engu samræmi við veðskuldir. Hvernig á að skipta andvirði skips á milli veðhafa í tilfelli nauðungaruppbods eða sjótlóns, eftir veðröð skv. lögum eða í hlutfalli?*

Auðvitað má loka augunum og segja að lánadrottnar verði að fara varlega í veðsetningum og lánafyrirgreiðslu. En kerfið býður upp á að einhver tapi ef leyft verður að veðsetja umfram andvirði skipsins eða tryggingarbóta þess. Bankar, sjóðir og einstaklingar. Útgerðarmaður gæti líka orðið bótaskyldur ef hann veldur veðhafa tjóni með ólögumætum hætti t.d. broti á l.57/96.

Ávinningurinn af frv. er sá að þeirri réttaróvissu verður eytt hvort heimilt verði að veðsetja aflahlutdeild *sérstaklega*. Slíkt hefur varla staðið til í raun, og væri í fullkomnu ósamræmi við grundvallarreglur veiðistjórnunar skv. lögum. Hins vegar heimilar frv. veðsetningu aflaheimildar með skipi og við það er ávinningur fyrir útgerðarmenn og sá ávinningur fyrir sjómenn að varanlegri aflaheimild skipa, sem sjómenn eiga hlutdeild í að lögum og samningum, verður erfiðara að ráðasafa frá skipi í raun eða til málamynda. Að öðru leyti vaknar

réttaróvissa á mörgum sviðum, sem myndi væntanlega leiða af sér röð málaferla og mikið tjón verða af fyrir einhverja í þessu þjóðarbúi.

A. Backman hrl